

Forsætisnefnd

Tillaga Brynjars Braga Einarssonar, fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Brynjars Braga Einarssonar frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn feli forsætisnefnd að gera nauðsynlegar breytingar til að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins. Lagt er til að breytingin taki gildi haustið 2021.

Greinargerð:

Hingað til hafa fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna ekki fengið greitt fyrir setu á fundum ráðsins. Ráðið fundar vikulega og sinnir ýmsum verkefnum innan borgarinnar. Við teljum það geta verið hvetjandi fyrir ungmenni í borginni að fá greitt fyrir vinnu sína í ráðinu líkt og fullorðið fólk fær greitt fyrir vinnu í ráðum og nefndum á vegum Reykjavíkurborgar. Það að fá greitt fyrir störf sín gefur starfinu ákveðið gildi og eykur afköst ráðsins. Fulltrúar Reykjavíkurráðs leggja hart að sér og eiga skilið viðurkenningu fyrir störf sín líkt og fullorðnir.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar forsætisnefndar.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af forsætisnefnd fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.